



Formannafundur Aftureldingar mánudaginn 3. júní 2019

Haldinn í Vallarhúsi Aftureldingar að Varmá kl. 18.00

Frá aðalstjórn: Birna Kristín Jónsdóttir, Sigurður Rúnar Magnússon, Geirarður Long, Krístrún Kristjánsdóttir, Erla Edvardsdóttir.

Blakdeild – Guðrún Kristín Einarsdóttir, Guðbrandur Pálsson.

Fimleikadeild – Eygerður Helgadóttir.

Frjálsíþróttadeild – Teitur Ingi Valdimarsson

Handknattleiksdeild – Bernharð Eðvarðsson, Hannes Sigurðsson.

Knattspyrnudeild – Ása Dagný Gunnarsdóttir, Guðbjörg Fanndal Torfadóttir

Sunddeild – Anna Steinunn Hólmarsdóttir

Taekwondodeild – Ragheiður Gísladóttir, Guðný

Skrifstofa – Jón Júlíus Karlsson og Hanna Björk Halldórsdóttir.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Fundur settur kl. 18:00.

1. Salur 1 og 2

Kynning á endurnýjun gólfa og viðhaldi. Byrjað að rífa upp núverandi gólf. Mfl. í handbolta tóku það að sér í fjáröflunarskygni. Lagt nýtt parkettgólf, lýsing endurbætt og vallarklukka endurnýjuð. Áætluð verklok í ágúst.

2. Fjölnota íþróttahús

Framkvæmd á áætlun og áætluð verklok í október.

3. Sumarlokun skrifstofu

Skrifstofa félagsins verður lokuð 8.-18. júlí vegna sumarleyfa. Starfsemi hennar í lágmarki í júlí vegna sumarleyfa starfsfólks.

4. Tímatafla

Hanna kynnti stöðu á gerð tímatafla fyrir tímabilið 2018-2019. Tímataflan er langt komin og verður send út á næstu dögum til deilda félagsins.

5. Fjáraflanir

Hanna kynnir helstu fjáraflanir sem deildum standa til boða og fyrirkomulag þeirra rætt.

Dósasöfnun: Reynsla fyrri safnana rædd og hvernig er best að standa að þeim. Hanna setur upp plan um dósasafnanir á 6 vikna fresti hér eftir sem deildir geta sótt um eftir. Samkvæmt reynslu skilar dósasöfnun ca 800-1.000 þús. og tekur um 6 kvöld m.v 4 tíma á kvöldi og upb 30 þáttakendur (15 börn + 15 fullorðnir)

Mikilvægt að amk einn fullorðinn taki þátt með hverju barni.

Happdrætti: Ekki verið nógu gott skipulag og deildir hafa verið með happdrætti í gangi samtímis. Mikilvægt að dreifa þeim betur yfir árið og forðast árekstra. Lítil nýting á síðara hluta ársins fyrir happdrætti. Aðrar fjáraflanir einnig ræddar.

6. Umgengni í vallarhúsi

þarf að bæta, bærinn sér um þrif 3x viku, þau taka ekki til né vaska upp. Bara skúra og þurrka af.

Rætt um leiðir til að bæta umgengni og samþykkt að reyna óbreytt fyrirkomulag áfram til þrautar.

7. Optimized Performance (OP)

Fulltrúar félagsins hittu Bjart hjá OP og fengu kynningu á hvað hann hefur að bjóða. Kostnaður um 150-180 þús skiptið sem er ca. 1 klst. + undirbúningur.

OP er fræðslu, árangurs- og frammistöðupjálfun þar sem einblínt er á tilfinningalegt form og uppbyggingu sigurveiðhorfa á kraftmikinn, áhrifaríkan og skemmtilegan hátt (www.optimized.is). Deildir skoða hvort þær hafa áhuga að hans aðkomu. Kynning verður send á deildir.

8. Snerpuþjálfun hjá Hlyni Chadwick

Sagt frá áhuga Hlyns á að bjóða öðrum deildum þjónustu sína á sviði snerpuþjálfunar. Deildir sem hafa áhuga geta snúið sér til Hlyns eða Hönnu til að fá frekari upplýsingar.

9. Æfingagjöld 2018-2019

Sigurður kynnti tilmæli aðalstjórnar til deilda félagsins vegna ákvörðunar um æfingagjöld í barna- og unglingastarfi félagsins 2019-2020. Deildir hvattar til að sýna hófsemi í ákvörðun sínum um æfingagjöld og ítrekað mikilvægi þess að æfingagjöld hækki ekki umfram það sem nauðsyn krefur. Sjá viðhengi.

10. Fjárhagsáætlanir 2019

Sigurður ræddi mikilvægi þess að öll ráð skili inn áætlun vegna 2019 fyrir júnílok. Þau ráð sem hafa þegar skilað hafa kost á að senda inn uppfærða ætlun ef þau kjósa.

11. Afslættir

Rætt fyrirkomulag afslátta og samhæfing þeirra milli deilda. Ákveðið að stofna vinnuhóp skipaðan gjaldkerum þar sem mótartillögu að framtíðar fyrirkomulagi og verklagi við veitingu afslátta.

12. Framtíðarsýn fyrir Varmárvæðið

Birna kynnti stöðu verkefnisins og næstu skref. Starfandi er samráðsvettvangur á milli Aftureldingar og Mosfellsbæjar sem hefur einsett sér það verkefni að leggja fram tillögu að framtíðarsýn íþróttasvæðisins að Varmá. Tekin hefur verið saman þarfagreining frá öllum deildum félagsins sem verður notuð sem grunnur að þessari vinnu. Mosfellsbær mun standa straum af kostnaði vegna vinnu ráðgjafa. Stefnt er að því að kynna drög að þessari vinnu í lok árs 2019.

13. Aðstaða og fyrirkomulag styrktarþjálfunar

Umræður um fyrirkomulag styrktarþjálfunar. Rætt um hlutverk og stöðu Eldingar í íþróttahúsinu. Plássleysi og skortur á sameiginlegri sýn veldur erfiðleikum hjá deildum. Aðalstjórn tekur málið áfram.

14. Staða og málefni deilda:

Fulltrúar deilda kynntu sín helstu málefni en flestar deildir eru að vinna í ráðningu þjálfara fyrir næsta vetur. Fulltrúi Fimleika ítrekaði kröfu um úrbætur á gólfi sem veldur raka og myglu í dýnum. Einnig er lekavandamál í þaki óleyst.

Fulltrúar Taekwondo ítreka þörf á vatnsbrunni og að hálkustoppa vanta í stiga.

Blak: Fulltrúar óska eftir að málningarvinna í sal 1 verði kláruð, rimlum verði fækkað (vantar tóman vegg fyrir þur æfingar) og að leyfi verði fengið til að geyma blaksúlur upp við veggsúlur í sal.

Fótbolti þur: Sett fram og rætt hugmynd um sameiginlegan samninga allra deilda við drykkjarbirgja.

Fundi slitið kl 20.00

Sigurður Rúnar Magnússon ritaði fundargerð.
(sign).



Tilmæli aðalstjórnar vegna æfingagjalda 2019-2020

Aðalstjórn Aftureldingar beinir eftirfarandi tilmælum til deilda félagsins vegna ákvörðunar um æfingagjöld í barna- og unglिंगastarfi félagsins 2019-2020:

Í endurnýjuðum samstarfssamningi Mosfellsbæjar og Aftureldingar er ákvæði þess efnis að deildir félagsins leitist við að hækka ekki æfingagjöld umfram hækkun launavísitölu. Frá ágúst 2018 til apríl 2019 hefur vísitalan hækkað um 3,5%.

Mikilvægt er að deildir félagsins sýni hófsemi í ákvörðun sínum um æfingagjöld og taki þannig mið af ofangreindu ákvæði sem og áætlaðri rekstrarafkomu samkvæmt framlagðri fjárhagsáætlun. Aðalstjórn telur mjög mikilvægt að æfingagjöld hækki ekki umfram það sem nauðsyn krefur.

Stjórnir deilda eru hvattar til að halda aftur af hækkunum og taka þátt í að treysta forsendur nýgerðra kjarasamninga á tímum efnahagssamdráttar. Þannig getum við sameiginlega tryggt mikla þátttöku og lágmarkað kostnað foreldra af íþróttastarfi barna sinna.

Stjórnir deilda eru beðnar um að skila inn verðskrá 2019-2020 á skrifstofu þegar þær liggja fyrir og áður en skráning hefst í Nora. Skrifstofa félagsins er nú sem fyrr reiðubúin að aðstoða stjórnir eftir þörfum og vinna úr þeim álitaefnum sem kunna að rísa.